# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Stykkishólmsbæ.**

*Lóðir á hafnarsvæði við Skipavík.*

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar samþykkti 26. júlí 2021 breytingu á deiliskipulaginu Stykkishólmur, lóðir á hafnarsvæði við Skipavík.

Deiliskipulagsbreytingin felur m.a. í sér að leyft verður að starfrækja almenna athafnastarfsemi á lóðum í stað hafsækinnar starfsemi. Á lóð við Nesveg 12 fellur bundin byggingarlína út og byggingarreitur breikkar á lóð og leyfileg vegghæð hækkar. Breytingar á þakformi eru leyfðar en heildarhæð byggingar breytist ekki. Einnig verður heimilt að útbúa akstursleið og bílastæði suðaustanmegin á lóð.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 28. júlí 2021.*

**Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---